

Eignarhaldsfélagið Spölur hf

**Ársreikningur 2015
samstæðu og móðurfélags**

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9 - 16
Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað	17

Eignarhaldsfélagið Spölur hf.
Kennitala 710191-1589
Kirkjubraut 28, Akranes

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins var að stofna og eiga hluti í einkahlutafélaginu Speli ehf. Spölur ehf. sá um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við veltengingu um utanverðan Hvalfjörð, og mun annast rekstur veltengingarinnar uns allar skuldir félagsins eru að fullu greiddar í samræmi við lög nr. 45 frá 1990 um veltengingu um utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgönguráðuneytið f.h. ríkissjóðs.

Starfsemin á árinu

Alls fóru 2.047.899 ökutæki um göngin á tímabilinu sem greiddu veggjald. Þessi fjöldi samsvarar því að 5.612 ökutæki hafa farið um göngin að meðaltali, dag hvern á þessu tímabili. Aukning í umferð milli árunna 2014 og 2015 var 5,65%. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin á tímabilinu var um 579 kr.

Starfsmenn voru alls 17 á árinu sem samsvarar 15 stöðugildum.

Tekjur félagsins á tímabilinu námu 1.197 mkr. Hagnaður nam 459 mkr. Rekstrarkostnaður var 387 mkr.

Ráðstöfun hagnaðar

Greiðsla arðs verður í samræmi við samninga við ríkissjóð að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Endurbætur

Malbik á akreinum ganganna var endurnýjað að langmestu leyti haustið 2014 og vorið 2015 í fyrsta skipti frá því göngin voru tekin í notkun.

Eignaraðild

Hluthafar voru 45 í upphafi og í lok reikningsársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins voru:

Faxaflóahafnir	23,5%
Ríkissjóður Íslands	17,6%
Elkem Ísland	14,7%
Vegagerðin	11,6%
Hvalfjarðarsveit	11,6%
Akraneskaupstaður	8,7%
Stefán Guðbergsson	2,0%
Landsbankinn hf	1,2%
Ístak hf.	1,2%
Ellert Skúlason ehf.	0,9%

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 2.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er samstæðu- og móðurfélagsársreikningur félagsins saminn í samræmi við ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2015.

Samkvæmt mati stjórnar felst í samstæðu- og móðurfélagsársreikningi og skýrslu stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2015 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Spalar hf staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2015 með áritun sinni.

Akranesi, 25. febrúar 2016

Stjórn

Gunnar Gunnarsson, formaður

Gestur Pétursson

Gísli Gíslason

Hafsteinn S. Hafsteinsson

Regína Ásvaldsdóttir

Framkvæmdastjóri

Gylfi Þórðarson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Eignarhaldsfélagsins Spalar hf

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu- og móðurfélags Eignarhaldsfélagsins Spalar hf fyrir árið 2015. Ársreikningur samstæðu- og móðurfélagsins hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akranesi, 25. febrúar 2016

PricewaterhouseCoopers ehf

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr	Samstæða		Móðurfélag	
		1/1 2015- 31/12 2015	1/1 2014- 31/12 2014	1/1 2015- 31/12 2015	1/1 2014- 31/12 2014
Rekstrartekjur					
Veggjald		1.196.594	1.136.465	0	0
Rekstrargjöld					
Viðhald og rekstur ganga	3	233.583	187.334	0	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	150.441	142.290	15	25
Tapaðar kröfur	7	2.498	5.210	0	0
Afskriftir	6	123.785	120.926	0	0
		<u>510.307</u>	<u>455.760</u>	<u>15</u>	<u>25</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		686.286	680.705	(15)	(25)
Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtatekjur og verðbætur	5	16.879	18.353	3	3
Vaxtagjöld og verðbætur	5	(129.192)	(144.410)	(2.307)	(1.338)
		<u>(112.314)</u>	<u>(126.058)</u>	<u>(2.304)</u>	<u>(1.335)</u>
Áhrif dótturfélags		0	0	461.033	444.806
Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta		573.973	554.647	458.714	443.446
Tekjuskattur	9	(115.258)	(111.201)	0	0
Hagnaður ársins		<u>458.714</u>	<u>443.446</u>	<u>458.714</u>	<u>443.446</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr	Samstæða		Móðurfélag	
		31/12 2015	31/12 2014	31/12 2015	31/12 2014
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Stofnkostnaður við Hvalfjarðargöng		4.093.031	4.103.276	0	0
Bífreiðar, veglyklar, áhöld og tæki		132.630	158.575	0	0
		<u>4.225.661</u>	<u>4.261.850</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhluti í Speli ehf 100% að nafnverði kr. 86.000.000		0	0	2.030.428	1.614.395
Fastafjármunir samtals		4.225.661	4.261.850	2.030.428	1.614.395
Veltufjármunir					
Viðskiptakröfur	7	48.211	45.879	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar skammtímakröfur		13.640	17.313	9.001	9.001
Handbært fé, annað		280.198	268.352	0	0
		<u>342.048</u>	<u>331.544</u>	<u>9.001</u>	<u>9.001</u>
Eignir samtals		<u>4.567.709</u>	<u>4.593.394</u>	<u>2.039.429</u>	<u>1.623.396</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eigið fé og skuldir	Skýr	Samstæða		Móðurfélag	
		31/12 2015	31/12 2014	31/12 2015	31/12 2014
Eigið fé	8				
Hlutfé		85.936	85.936	85.936	85.936
Lögbundinn varasjóður		21.484	21.484	21.484	21.484
Óráðstafað eigið fé		1.814.062	1.384.949	1.814.062	1.384.949
		<u>1.921.482</u>	<u>1.492.369</u>	<u>1.921.482</u>	<u>1.492.369</u>
Skuldir					
Skuldbindingar:					
Skuldbinding vegna veglykla		108.417	105.554	0	0
Tekjuskattsskuldbinding	9	607.156	544.613	0	0
		<u>715.574</u>	<u>650.167</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Langtímaskuldir:					
Skuldabréfalán	10	995.385	1.542.569	0	0
Skammtímaskuldir:					
Fyrirframinnheimtar tekjur		323.068	328.217	0	0
Skuld við dótturfélag		0	0	117.947	131.026
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	10	500.628	517.438	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	11	111.573	62.634	0	0
		<u>935.269</u>	<u>908.289</u>	<u>117.947</u>	<u>131.026</u>
Skuldir samtals		2.646.227	3.101.025	117.947	131.026
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.567.709</u>	<u>4.593.394</u>	<u>2.039.429</u>	<u>1.623.396</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	12				
Aðrar upplýsingar	14				

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2015

	Samstæða		Móðurfélag	
	1/1 2015- 31/12 2015	1/1 2014- 31/12 2014	1/1 2015- 31/12 2015	1/1 2014- 31/12 2014
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)				
Innheimtar tekjur	1.199.082	1.147.980	0	0
Greiddur kostnaður v/viðhalds og reksturs ganga	(232.587)	(185.224)	0	0
Greiddur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(154.278)	(146.035)	(15)	(25)
Útborgaðir vextir	(101.876)	(125.538)	0	0
Innborgaðir vextir	19.186	19.691	3	3
	<u>729.527</u>	<u>710.873</u>	<u>(12)</u>	<u>(22)</u>
Fjárfestingahreyfingar				
Viðbótarstofnkostnaður	(72.707)	(82.797)	0	0
Keyptir vegglyklar, tölvukerfi, vélar og tæki	(14.889)	(41.300)	0	0
	<u>(87.596)</u>	<u>(124.097)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Afborganir á lánum Íslandsbanka	(600.484)	(518.421)	0	0
Greiddur arður	(29.602)	(29.042)	(29.602)	(29.042)
Lán frá dótturfélagi til greiðslu arðs og kostnaðar	0	0	29.614	29.064
	<u>(630.086)</u>	<u>(547.464)</u>	<u>12</u>	<u>22</u>
Hækkun á handbæru fé	11.846	39.313	0	0
Handbært fé í byrjun árs	<u>268.352</u>	<u>229.039</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í lok árs	<u><u>280.198</u></u>	<u><u>268.352</u></u>	<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Samstæðureikningur Eignarhaldsfélagsins Spalar hf og ársreikningur móðurfélagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Samstæðuársreikningur

Samstæðuársreikningurinn innifelur ársreikninga Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. og dótturfélagsins Spalar ehf., sem er að öllu leyti í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir tekna, gjalda, eigna og skulda úr ársreikningum beggja félaganna í samstæðunni en innbyrðis tekjum, inneignum og skuldum milli félaganna og innbyrðis eignarhlutum eytt.

1.3 Innlausn tekna

Veggjald er fært til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum virðisaukaskatti og sölukostnaði vegna veglykla. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma þjónustu.

1.4 Verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

Engar erlendar eignir eða skuldir voru til staðar þann 31. desember 2015. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðuð við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2016. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðuð við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Allur kostnaður við undirbúningsframkvæmdir, fjármögnun, byggingu vegganga undir Hvalfjörð og greiðsla til Vegagerðar samkvæmt samningi er eignfærður sem stofnkostnaður meðal varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra kostnaðarverð á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Stofnkostnaður við Hvalfjarðargöng	65 ár
Bifreiðir, áhöld, tæki og veglyklar	5 - 10 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðuð við eignarhaldstíma innan ársins

Skýringar

1.7 Eignarhlutur í dótturfélagi

Eignarhlutur í dótturfélagi, Speli ehf., er talinn til eignar með þeirri fjárhæð sem svarar til hlutdeildar í eigin fé þess.

1.8 Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færirst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

1.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum hjá Íslandsbanka.

1.11 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

1.12 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuld er skuldbinding um að greiða fyrir vöru eða þjónustu vegna viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað.

Viðskiptaskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru viðskiptaskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

1.13 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Eftir upphaflega skráningu eru langtímaskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Við endurfjármögnun lána eru áhrif vegna þessa færð beint til tekna eða gjalda meðal fjármunatekna eða fjármunagjalda á því tímabili sem endurfjármögnunin á sér stað.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

Skýringar

1.14 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar samanstanda af skilagjaldi veglykla.

1.15 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur er fyrirframgreiðsla viðskiptavina vegna ferða um Hvalfjarðargöngin. Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

1.16 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Útlánaáhætta

Félagið einbeitir sér ekki sérstaklega að útlánaáættu. Hins vegar hefur félagið stefnu gagnvart því að selja vörur og þjónustu til ábyrgra aðila.

Skýringar

3. Viðhald og rekstur ganga

	1/1 2015- 31/12 2015	1/1 2014- 31/12 2014
Viðhald og rekstur ganga greinist þannig:		
Laun	59.709	50.821
Launatengd gjöld	11.407	10.035
Breyting á áunnu orlofi	2.717	552
Rafmagn	21.063	20.845
Tryggingar	3.966	3.863
Aðkeypt þjónusta	17.329	17.069
Viðhald, smááhöld og rekstrarvörur	114.640	81.593
Annar kostnaður	2.752	2.556
	<u>233.583</u>	<u>187.334</u>

4. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	1/1 2015- 31/12 2015	1/1 2014- 31/12 2014
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Laun	57.393	53.576
Launatengd gjöld	10.586	10.624
Breyting á áunnu orlofi	484	332
Stjórnarlaun	3.626	3.606
Aðkeypt þjónusta vegna húsnæðis	9.232	8.966
Skrifstofuvörur	8.831	8.087
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	41.146	36.695
Sími	2.154	1.853
Banka- og innheimtukostnaður	7.506	6.698
Annar kostnaður	9.482	11.853
	<u>150.441</u>	<u>142.290</u>

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	1/1 2015- 31/12 2015	1/1 2014- 31/12 2014
Vaxtatekjur:		
Vaxtatekjur:	16.879	18.353
Vaxtagjöld og verðbætur:		
Vaxtagjöld langtímalána	(97.817)	(124.364)
Verðbætur langtímalána	(31.353)	(20.014)
Aðrir liðir	(22)	(32)
	<u>(129.192)</u>	<u>(144.410)</u>
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó	<u>(112.314)</u>	<u>(126.058)</u>

Skýringar

6. Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Stofnkostnaður vegganga	Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2015	7.143.587	593.874	7.737.461
Afskrifað 1.1.2015	(3.040.311)	(435.300)	(3.475.611)
Bókfært verð í ársbyrjun	4.103.276	158.575	4.261.850
Viðbót ársins	72.707	14.889	87.596
Afskrifað á árinu	(82.952)	(40.833)	(123.785)
Bókfært verð 31.12.2015	<u>4.093.031</u>	<u>132.630</u>	<u>4.225.661</u>
	Stofnkostnaður vegganga	Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð í árslok greinist þannig:			
Kostnaðarverð	7.216.294	608.763	7.825.057
Uppsafnaðar afskriftir	(3.123.263)	(476.133)	(3.599.396)
Bókfært verð 31.12.2015	<u>4.093.031</u>	<u>132.630</u>	<u>4.225.661</u>

7. Viðskiptakröfur

	31/12 2015	31/12 2014
Viðskiptakröfur	50.531	49.039
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(2.559)	(3.547)
Viðskiptakröfur, nettó	47.972	45.492
Viðskiptakröfur vegna tengdra aðila (skýring 13)	239	386
	<u>48.211</u>	<u>45.879</u>

Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

Staða 1. janúar 2014	4.502
Framlag í afskriftarreikning	5.210
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(6.165)
Staða 31. desember 2014	<u>3.547</u>
Staða 1. janúar 2015	3.547
Framlag í afskriftarreikning	2.498
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(3.486)
Staða 31. desember 2015	<u>2.559</u>

Skýringar

8. Eigið fé

Yfirlit um breytingu eiginfjárreikninga á árinu:

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutfjár að nafnverði. Allt hlutfé hefur verið greitt.

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Jöfnuður 1.1.2015	85.936	21.484	1.384.949	1.492.369
Arður			(29.602)	(29.602)
Hagnaður ársins			458.714	458.714
	<u>85.936</u>	<u>21.484</u>	<u>1.814.062</u>	<u>1.921.482</u>

9. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1.1.2015	544.613
Reiknaður tekjuskattur ársins	115.258
Tekjuskattur til greiðslu 2016 vegna 2015	<u>(52.715)</u>
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2015	607.156

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 1.1.2015	Breyting á árinu	Staða 31.12.2015
Varanlegir rekstrarfjármunir	606.845	312	607.156
Yfirfæranlegt tap	<u>(62.232)</u>	<u>62.232</u>	<u>0</u>
	<u>544.613</u>	<u>62.543</u>	<u>607.156</u>

Tekjuskattur hjá Speli ehf. er áætlaður kr. 52.715 mkr. en þá hafa verið nýttar heimildir skattalaga til sérstakra afskrifta o.fl.

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2016 hjá Eignarhaldsfélaginu Speli hf. vegna ójafnaðra rekstrartapa frá fyrri árum sem greinast þannig:

Tap ársins 1.10.2004 - 30.09.2005, nýtanlegt til ársloka 2015	5.831
Tap ársins 1.10.2005 - 30.09.2006, nýtanlegt til ársloka 2016	10.342
Tap ársins 1.10.2006 - 30.09.2007, nýtanlegt til ársloka 2017	6.558
Tap ársins 1.10.2007 - 30.09.2008, nýtanlegt til ársloka 2018	19.965
Tap ársins 1.10.2008 - 30.09.2009, nýtanlegt til ársloka 2019	17.479
Tap ársins 1.10.2009 - 30.09.2010, nýtanlegt til ársloka 2020	6.387
Tap ársins 1.10.2010 - 31.12.2011, nýtanlegt til ársloka 2021	9.548
Tap ársins 1.1. 2012 - 31.12.2012, nýtanlegt til ársloka 2022	5.953
Tap ársins 1.1. 2013 - 31.12.2013, nýtanlegt til ársloka 2023	6.740
Tap ársins 1.1. 2014 - 31.12.2014, nýtanlegt til ársloka 2024	1.340
Tap ársins 1.1. 2015 - 31.12.2015, nýtanlegt til ársloka 2025	<u>2.301</u>
	<u>92.444</u>

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er frestuð skattinneign ekki færð til eignar í efnahagsreikningi Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.

Skýringar

10. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	Mynt	Vaxtakjör	31/12 2015
Skuldabréfalán verðtryggt	ISK	3,75%	1.147.789
Skuldabréfalán óverðtryggt, breytilegir vextir að viðbættu álagi	ISK	8,25%	348.224
			<u>1.496.013</u>
Langtímaskuldir samtals			1.496.013
Næsta árs afborganir færðar meðal skammtímaskulda			(500.628)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi			<u><u>995.385</u></u>

11. Aðrar skammtímaskuldir

	31/12 2015	31/12 2014
Viðskiptaskuldir	18.004	25.576
Ógreiddur tekjuskattur	52.715	0
Ýmsar skammtímaskuldir	22.856	12.194
Áfallnir vextir	17.998	24.864
	<u>111.573</u>	<u>62.634</u>

12. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Allt hlutafé, bankainnstæður og viðskiptakröfur hafa verið veðsettar til Íslandsbanka.

Skýringar

13. Tengdir aðilar

Spölur ehf. er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. Eftirtaldir hluthafar áttu meira en 10% hlut í Eignarhaldsfélaginu Speli hf; Faxaflóahafnir, Ríkissjóður Íslands, Elkem Ísland, Vegagerðin og Hvalfjarðarsveit.

Eftirtalin viðskipti voru við tengda aðila:

<i>(a) Veggjald</i>	1/1 2015 - 31/12 2015	1/1 2014 - 31/12 2014
Veggjald:		
– Stjórn og framkvæmdastjóri	939	286
– Hluthafar í móðurfélagi	4.183	4.789
	<u>5.122</u>	<u>5.075</u>

Sala á veggjaldi er byggð á þeim verðlista og skilmálum sem í boði eru til þriðja aðila.

(b) Kaup á vöru og þjónustu

Kaup á þjónustu:

– Hluthafar í móðurfélagi	2.291	2.641
---------------------------------	-------	-------

(c) Laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda

Laun og þóknanir	20.589	20.034
Framlag í lífeyrissjóð	1.027	1.566
	<u>21.616</u>	<u>21.600</u>

(d) Viðskiptakröfur í árslok vegna sölu á veggjaldi

Viðskiptakröfur á tengda aðila (skýring 8)

– Hluthafar í móðurfélagi	239	386
---------------------------------	-----	-----

Viðskiptakröfur á tengda aðila eru vegna sölu á veggjaldi og gjaldfalla 10 dögum eftir söludag.

14. Aðrar upplýsingar

Tryggingar

Eignir félagsins eru tryggðar fyrir 3.219 mkr. og rekstrarstöðvunartrygging nemur 1.048 mkr. Ábyrgðartrygging nemur 490 mkr.

Starfsmannamál

Hjá félaginu voru að meðaltali 15 stöðugildi á árinu. Laun og launatengd gjöld námu samtals kr. 145,8 mkr.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Ársfjórðungsýfirlit - óendurskoðað

Ársfjórðungsýfirlit Spalar ehf.

	4. ársfjórð. 1/10 15 - 31/12 15	3. ársfjórð. 1/7 15 - 30/9 15	2. ársfjórð. 1/4 15 - 30/6 15	1. ársfjórð. 1/1 15 - 31/3 15
Rekstur Spalar ehf greindist þannig á ársfjórðunga:				
Veggjald	236.037	427.369	323.666	209.522
Viðhald og rekstur ganga	(72.285)	(51.140)	(62.173)	(47.985)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(34.413)	(36.527)	(41.287)	(38.200)
Tapaðar kröfur	(1.062)	(392)	(673)	(371)
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA)	128.278	339.310	219.533	122.966
Afskriftir	(31.308)	(31.291)	(30.798)	(30.388)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	96.970	308.019	188.735	92.578
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó	(6.901)	(32.490)	(45.940)	(24.679)
Hagnaður fyrir skatta	90.068	275.529	142.795	67.899
Tekjuskattur	(18.014)	(55.106)	(28.559)	(13.580)
Hagnaður ársfjórðungs	72.055	220.423	114.236	54.320
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA)	128.278	339.310	219.533	122.966